

Því úrskurðast:

Umbeðin innsetningargerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Þorvaldur Steinason, Bárugötu 18, Akranesi, greiði gerðarbeiðanda, Finnþoga Guðmundssyni s. st., kr. 1200.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. marz 1957.

Nr. 166/1955. **Almennar tryggingar h/f**

(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Magnúsi Árnasyni og gagnsök

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Felld niður skaðabótaábyrgð samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. nóvember 1955, gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 11.128.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. október 1954 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 19. marz 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að vextir reiknist 6% p. a. og að hvorum aðilja um sig verði dæmt að bera sjálfur kostnað sinn af málinu í héraði. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda að mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, að því er varðar kröfur aðaláfrýjanda á hendur gagnáfrýjanda, að öðru en því, að vexti ber að dæma 6% p. a., svo sem aðaláfrýjandi hefur krafizt hér fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Magnús Árnason, greiði aðaláfrýjanda, Almennum tryggingum h/f, kr. 2000.00 með 6% ársvöxtum frá 20. október 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði, kr. 750.00.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur úrlausn meiri hluta dómenda um annað en málskostnað. Ég tel þau vafaatriði vera í málinu, að rétt sé, að hvor aðilja beri málskostnað sinn bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Gagnáfrýjandi tókst á hendur með samningi að inna af hendi verk það, sem í málinu greinir, en setti starfsmann sinn til að vinna það. Starfsmaðurinn gerði sig sekan um stórfellt gáleysi í starfanum og varð með því valdur að tjóni því, sem aðaláfrýjandi sækir gagnáfrýjanda til greiðslu á. Gagnáfrýjandi ber ábyrgð á skaðaverki starfsmannsins, en athugamál er, hvort fella skuli niður skaðabótaskyldu hans samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954 um þann hluta tjónsins, sem vátryggður var af aðaláfrýjanda. Út frá sjónarmiðum

almennrar varnarviðleitni gegn skaðaverkum þykir varhuga-vert að fella niður skaðabótaábyrgð aðilja vegna mikilla mistaka við kunnáttuverk, er hann hefur tekið að sér með samningi og gegn greiðslu, þótt hann vinni verkið eigi sjálfur, heldur láti starfsmann sinn vinna það. Eru því eigi heldur efni til að fella niður skaðabótaskyldu gagnáfrýjanda samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954, að því leyti sem tjónið var vátryggt. Ber samkvæmt þessu að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 11.128.50 með vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3500.00.

Dómsorð mitt er því:

Gagnáfrýjandi, Magnús Árnason, greiði aðaláfrýjanda, Almennum tryggingum h/f, kr. 11.128.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. október 1954 til greiðsludags og kr. 3500.00, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 13. október 1955.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 7. þ. m., hefur stefnandi Stefán Árnason framkvæmdastjóri f. h. Almennra trygginga h/f, umboðsins á Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. febrúar s.l., á hendur þeim Hrólfi Sturlaugssyni, rafvirkjameistara, Strandgötu 35, og Magnúsi Árnasyni vélsmið, Grænugötu 8, báðum á Akureyri, og gerir þær dómkröfur í málinu, að stefndu verði annar fyrir báða og báðir fyrir annan dæmdir til að greiða kr. 11.128.50 auk 7% ársvaxta frá 20. október 1954 til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða mati dómara.

Stefndu krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara krefjast þeir þess, að stefnukrafan verði lækkuð og málskostnaður felldur niður eða hæfilega ákveðinn af dóminum.

Málavextir eru þeir, að í vikunni 10.—17. október 1954 lét stefndi Hrólfur Sturlaugsson rafvirkjameistari, sem er eigandi hússins nr. 35 við Strandgötu að nokkrum hluta, útbúa þaðherbergi í íbúð sinni í húsinu. Stefndi Magnús Árnason annaðist lagnir á vatnspípum til þaðherbergisins og lét einn af starfsmönnum sínum vinna verkið. Í kjallara hússins eru geymsluherbergi, sem samvinnufélagið Bækur hafði á leigu, og voru þar geymd bókaupplög, sem félagið átti. Til þess að leiða heita vatnið í þaðher-

bergið þurfti að tengja vatnspípu við vatnsæð frá heitavatnsgeymi í þvottahúsi í kjallara. Þaðan var vatnspípan lögð gegnum bókageymsluna og upp á næstu hæð fyrir ofan, en þar er baðherbergið. Einnig var tengt við kaldavatnskerfið í þvottahúsinu, og lögð var kaldavatnspípa samhliða hinni heitu upp í baðherbergið.

Er starfsmaður stefnda Magnúsar hóf verkið, gerði hann ráðstafanir til þess að tæma vatnsæðakerfi það, er hann þurfti að tengja hinar nýju lagnir við. Var það gert m. a. með þeim hætti, að loka fyrir aðstreymi að kaldavatnsæðinni með þar til gerðum loka og fyrir aðrennsli að heitavatnsæðinni með krana við heitavatnsgeymi og opna krana við sama geymi, til þess að heita vatnið rynni af. Að tveimur dögum liðnum var verkinu ekki lokið, og skildi pípulagningamaðurinn við opnar vatnsæðar við loft bókageymslunnar og hafði loka og krana með sömu ummerkjum og verið höfðu, meðan hann starfaði við verkið. Að kvöldi fyrsta dags tjáði pípulagningamaðurinn stefnda Hrólfi og konu hans, að ekki mætti hreyfa við loka þeim og krönum, er áður getur. Hefur stefndi Hrólfur kannazt við, að hann hafi aðvarað sig og konu sína um að hreyfa ekki við krönum við heitavatnsgeyminn, en ekki minnzt á lokann á kaldavatnsleiðslunni, enda verður sá loki ekki hreyfður nema með skrúflykli, og stefndi Hrólfur vissi ekki til, að hann hefði verið hreyfður þau ár, sem hann hefur búið í húsinu. Hins vegar kveðst hann eiga einn nefndan heitavatnsgeymi og leiðslur að honum og frá, og hafi engir aðrir rétt til að nota tæki þessi en hans fjölskylda. Hafi því verið ástæðulaust að aðvara aðrar fjölskyldur í húsinu að þessu leyti, enda hafi ekki borið á góma, að slíkt skyldi gert. Að morgni þriðja dags, er pípulagningamaðurinn kom að, sá hann, að vatn hafði runnið ofan á efstu bókahilluna, að því er virtist úr hinum opnu vatnspípum. Hafði það síðan runnið niður í hillurnar, sem neðar voru, og valdið skemmdum á bókastöflum, sem þar voru. Ekkert rennsli var þó úr pípunum, er hann kom að, og sjáanlegt var, að vatn það, er runnið hafði niður, var ekki mjög mikið, því að lítið vatn var á gólfinu. Var það álit manns þessa, sem hefur borið vitni fyrir dómi um atvik málsins, að svo hafi lítið út sem skrúfað hefði verið stutta stund frá krana á vatnsæðinni, en kranar við heitavatnsgeyminn og loki á kaldavatnsleiðslu voru í réttu horfi, er hann aðgætti það þá þegar.

Bækur þær, sem skemmdust, voru eign samvinnufélagsins Bóka, eins og fyrr var sagt, en voru vátryggðar fyrir tjóni af völdum vatns hjá stefnanda. Útsöluverð bóka þeirra, sem skemmdust,

nam kr. 25.243.00. Samkomulag varð um það milli eigenda bóka-anna og stefnanda að meta vátryggt tjón eigendanna á kr. 13.300.00, þar af voru þó kr. 2000.00 á ábyrgð eigenda, og greiddi stefnandi því kr. 11.300.00 í bætur. Stefnandi eignaðist hinar skemmdu bækur, og mátu dómkvaddir matsmenn þær, að frádregnum matskostnaði, á kr. 2171.50. Er tjón stefnanda því samtals kr. 9128.50. S/v Bækur hefur framselt stefnanda skaðabótarétt sinn fyrir tjón, sem var í sjálfsábyrgð þess samkvæmt vátryggingarsamningnum, kr. 2000.00. Er þeirri upphæð er bætt við tjónsupphæð stefnanda, kemur út stefnukrafan, kr. 11.128.50.

Stefnandi telur, að stefndu beri sameiginlega ábyrgð á tjóni þessu og séu bótaskyldir fyrir það. Stefndi Magnús sem verk-taki ber ábyrgð á tjóni, sem handvömm starfsmanns hans hafi valdið, því að ekki sé forsvaranlegt að skilja við opna pípuenda, heldur hefði verið sjálfsögð öryggisráðstöfun að loka þeim með þar til gerðum járnstöppum. Stefndi Hrólfi, sem verkið var unnið fyrir, hafi og borið skylda til að hlutast til um, að ekki yrði tjón af framkvæmd þess og hafi hann vanrækt að aðvara íbúa hússins um að hreyfa ekki við loka þeim og krönum, sem að framan getur.

Stefndi Hrólfur byggir sýknukröfu sína á því, að stefndi Magnús beri einn bótaábyrgð á tjóni af völdum starfsmanns síns, og ekki sé í ljós leitt, að hann eða íbúar hússins hafi valdið tjóninu. Stefndi Magnús byggir hins vegar sýknukröfu sína á því, að umbúnaður sá, er starfsmaður hans viðhafði, hafi verið tryggilegur og stefndi Hrólfi hafi borið skylda til að aðvara íbúa hússins um að hrófla ekki við honum.

Varakröfu sína byggja hinir stefndu á því, að tjónið á bókun-um hafi ekki verið líkt því eins mikið og upphæð sú, sem greidd var sem bætur fyrir það.

Ekki hafa verið í ljós leidd nánari atvik að því, hvernig það vildi til, að vatn komst í bækurnar. Hinir stefndu hafa báðir mótmælt því, að sannað sé nægilega, að vatnið hafi komið úr pípuendunum. Hinir sérfróðu menn í dóminum, sem skoðað hafa vatns-kerfi hússins, telja þó útilokað annað en svo hafi verið. Kemur það og heim við álit starfsmanns stefnda Magnúsar, er setti upp hina nýju lögn. Það er og álit hinna sérfróðu manna í dóminum, að ekki sé forsvaranlegt að skilja við opnar vatnspípur í vatns-veitukerfi húss, heldur beri að tryggja það með járnstöppum eða jafngildum umbúnaði, að vatn geti ekki runnið út um opin og valdið tjóni. Telst því tjón það, sem af þessu hlaut, hafa orðið fyrir gáleysi pípulagningamannsins, sem stefndi Magnús bar ábyrgð á. Hins vegar þykir, eins og á stendur, og með tilliti til þess, að hér

er um að ræða tjón af völdum yfirsjónar starfsmanns stefnda Magnúsar, rétt að fella niður bótaábyrgð hans samkvæmt 25. gr. laga nr. 20 1954, að því leyti sem tjónið var vátryggt. Annað tjón, sem af þessu hlaut, ber honum að bæta með fé, en það eru fyrrgreindar 2000 kr., sem voru í sjálfsábyrgð eigenda bókana og stefnandi hefur fengið framseldan rétt til.

Þá þykir og rétt, að hann greiði stefnanda hluta af málskostnaði, og telst sú upphæð hæfilega ákveðin kr. 750.00.

Stefnda Hrólfi verður ekki talið til vangæzlu, þótt hann aðvarði ekki aðrar fjölskyldur í húsinu um að hreyfa ekki krana við oftnefndan heitavatnsgeymi, þar sem hann einn átti hann og aðeins hans fjölskylda hafði afnot af honum. Honum var og rétt að treysta því, að sérkunnáttumaður sá, er hann fól framkvæmd verksins, sæi um, að þannig væri um búð, að ekki hlytist tjón af því.

Málalok verða því þau, að sýkna ber stefnda Hrólfr Sturlaugsson af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður hans falli niður. Hins vegar ber að dæma stefnda Magnús Árnason til þess að greiða stefnanda kr. 2000.00 auk vaxta, eins og krafist er, og kr. 750.00 upp í málskostnað.

Dóm þenna kváðu upp Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti ásamt meðdómendum Ásgeiri Valdemarssyni verkfræðingi og Ólafi Magnússyni pípulagningameistara.

Dómsorð:

Stefndi Hrólfr Sturlaugsson á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Almennra trygginga h/f, en málskostnaður hans fellur niður.

Stefndi Magnús Árnason greiði stefnanda, Almennum tryggingum h/f, kr. 2000.00 auk 7% ársvaxta frá 20. október 1954 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
